

Borholur í Laugardal í Lýtingsstaðahreppi hinum forna



Haukur Jóhannesson

Unnið fyrir Orkustofnun

Greinargerð JHJ-2013/005

Febrúar 2013

Inngangur


Í þessari greinargerð er greint frá fimm borholum sem eru í landi Laugardals í Lýtingsstaðhreppi hinum forna. Í 1. töflu eru upplýsingar um holurnar úr gagnagrunni Orkustofnunar en á 1. mynd er staðsetning þeirra sýnd.

Borholur

Boraðar hafa verið fimm holur í landi Laugardals en aðeins tvær finnast nú. Upplýsingar um holurnar eru í 1. töflu. Holan sem nýtt er í dag til upphitunar í Laugardal heitir LD-01A og er 127 metra djúp (2. mynd). Aðeins er vitað um staðsetningu tveggja holnanna. LD-01A er sú sem nýtt er í dag. Rætt var við þann aðila (Sigurður Friðriksson) sem lét bora holurnar á sínum tíma og hann segir að þær séu allar við holu LD-01A nema hola LD-02 (13. mynd). Holur LD-02B og LD-01C voru boraðar út úr holu LD-01A. Það er líklegt að LD-02B hljóti að hafa misritast í borholuskrá Orkustofnunar og eigi að vera LD-01B. Hola LD-03 sem var boruð síðast var einnig nærri holu LD-01A. Hætt var við borun holu LD-02 vegna þess hve jarðlög voru laus í sér og holan stóð illa. Hiti í toppi holu LD-02 mældist 31,2°C og rennsli 0,2-0,3 l/s. Holurnar eru boraðar í eftirfarandi tímaröð: LD-01A, LD-02B, LD-01C, LD-02 og LD-03. Steinrör er utan um holu LD-02. Staðsetning holnanna er sýnd á 1. mynd. Engar hitamælingar úr holunum í Laugardal hafa fundist og er það bagalegt.

1. tafla. Borholur í landi Laugardals í Lýtingsstaðahreppi.

Staðarnr.	Holunr.	Lögbýli	Borár	Dýpi	N-hnit	V-hnit
48331	LD-02	Laugardalur	1975	11,5	65° 26.414	19° 14.545
48332	LD-03	Laugardalur	1975	2,5	65° 26.545	19° 14.869
48333	LD-01A	Laugardalur	1975	127,0	65° 26.545	19° 14.869
48334	LD-01C	Laugardalur	1975	63,0	65° 26.545	19° 14.869
48335	LD-02B	Laugardalur	1975	35,4	65° 26.545	19° 14.869



1. mynd. Staðsetning borholna í Laugardal í Lýtingsstaðahreppi. Borholur LD-01C, LD-02B og LD-03 eru allar þar sem LD-01A er.



2. mynd. Borhola LD-01A í Laugardal.



3. mynd. Borhola LD-02 í Laugardal. Steinrör er utan um holuna.